



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 2. október 2025

SFS25080254

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu úrbóta í leikskólanum Sælukoti

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Óskað er eftir upplýsingum og kynningu um stöðu úrbóta sem Heilbrigðiseftirlitið hefur farið fram á við leikskólann Sælukot

Svar:

Fyrirspurnin var send Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til umsagnar og er svar þeirra, dags. 19. september 2025, hér meðfylgjandi.



Reykjavík



Reykjavík, 19. september 2025

Tilvísun HER: HER-202509-2595

Tilvísun SFS: SFS25080254

Skóla og frístundaráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu úrbóta við leikskólann Sælukot.

Í fyrirspurninni er óskað upplýsinga og kynningu um stöðu úrbóta sem Heilbrigðiseftirlitið hefur farið fram á við leikskólann Sælukot.

Svar HER.

Í reglubundnu eftirliti heilbrigðisfulltrúa á leikskólann Sælukot þann 5. nóvember 2024 komu fram fjölmörg frávik frá ákvæðum reglugerða og starfsleyfisskilyrða. Ákveðin frávik voru metin það alvarlega að tekin var ákvörðun um lokun leikskólans þar til úrbótum á þeim atriðum væri lokið. Þann 8. nóvember (föstudagur) var staðfest í eftirliti að úrbætur höfðu verið gerðar og heimilað að leikskólinn yrði opnaður að nýju 11. nóvember. Í eftirliti 29. nóvember kom fram að búið var að bregðast við mörgum frávikum en ekki öllum. Í eftirliti 23. júní 2025 var staðfest að búið væri að bregðast við öllum frávikum sem fram komu í eftirlit 5. nóvember 2024 nema einu. Það frávik snéri að námskeiði fyrir starfsfólk í eldhúsi en fram kom í eftirlitinu að búið væri að bóka námskeið fyrir starfsfólkið í haust. Staðfesting á námskeiðssókn starfsfólks hefur ekki borist né hefur hennar verið leitað enn sem komið er. Að fenginni staðfestingu verður búið að bregðast við öllum frávikum sem komu fram í eftirliti 5. nóvember 2024.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri Umhverfiseftirlits